



Nafn  
Heimilisfang  
Póstnr.

Kópavogi, 22. desember 2023  
23112029/501.03 KH

#### **Logasali 14. Breytt deiliskipulag.**

---

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 4. desember 2023 var lögð fram umsókn Kjartans Rafnssonar arkitekts dags. 29. nóvember 2023 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 14 við Logasali um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 12 m<sup>2</sup> til að koma fyrir glerskála á einni hæð við suðurhlíð byggingar. Byggingarmagn eykst úr 274,5 m<sup>2</sup> í 300,9 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,37 í 0,4. Uppdráttur í mkv. 1:1000 og 1:200 dags. 23. nóvember 2023.

**Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga að breyttu deiliskipulagi verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum lóðanna nr. 5, 7, 9 og 12 við Logasali.**

Athugasemdum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 1081/2023, eigi síðar en mánudaginn 29. janúar 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is).

Umhverfissvið, skipulagsdeild Kópavogs, notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna borgarbúa. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn bæjarbúa í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs á netinu.

**Meðfylgjandi:**

Kynningaruppdráttur að tillögu í mkv. 1:2000 og 1:200 dags. 23. nóvember 2023.

Samrit sent lóðarhöfum lóðanna nr. 5, 7, 9 og 12 við Logasali.

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

**Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður mánudaginn 8. janúar 2024.**



**Vakin er athygli á 43. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:**

- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.
- Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsfulltrúa

---

Karlotta Helgadóttir  
Ritari skipulagsdeildar

**Meðfylgjandi:**

Kynningaruppráttur að tillögu í mkv. 1:2000 og 1:200 dags. 23. nóvember 2023.

Samrit sent **lóðarhöfum lóðanna nr. 5, 7, 9 og 12 við Logasali.**

Kynningu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) / **Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu**

**Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður mánudaginn 8. janúar 2024.**